



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

GAS/

Rvk. 27.05.2004

Efni: Tillaga til þingsályktunar um könnun á framkvæmd EES-samningsins, 551. mál

Samkvæmt tillögunni verður skipuð nefnd sérfræðinga til að kanna hvort framkvæmd EES-samningsins standist stjórnarskrá.

Líkt og fram kemur í inngangi greinargerðarinnar komst nefnd fjögurra sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins að þeirri niðurstöðu í nefndaráliti árið 1992 að EES-samningurinn rúmaðist innan valdheimilda 21. gr. stjórnarskrárinnar. Vissulega hefur orðið veruleg þróun frá þeim tíma og fróðlegt væri að gerð yrði vönduð úttekt á því hvort við Íslendingar séum að nýta EES-samninginn og möguleika hans til fulls. Samtök atvinnulífsins telja hins vegar ekki brýnt að fram fari rannsókn á því hvort framkvæmd samningsins standist stjórnarskrá enda verður ekki endanlega úr því skorið nema fyrir dómstólum.

Virðingarfyllt,

Guðstaf Adolf Skúlason